




Reykjavík, 22. ágúst 2024  
USK24060324

## Hyrjarhöfði 4 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júlí 2024 þar sem sótt er um leyfi til að reisa 151,7 fermm geymslu á lóð nr. 4 við Hyrjarhöfða.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

### Skipulag í gildi

#### Aðalskipulag:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022.

Skv. aðalskipulaginu er Hyrjarhöfði 4 á skilgreindu athafnasvæði AT1a (*Höfðar vestur – Atvinnusvæði*).

#### Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag:

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Ártúnshöfða – iðnaðarsvæði*, samþykkt í borgarráði þann 1. júní 1999 ásamt síðari breytingum. Engin breyting hefur verið gerð á deiliskipulaginu fyrir lóð nr. 4 við Hyrjarhöfða.



Götumynd af Hyrjarhöfða 4 (júní 2022)





Reykjavík



## Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að reisa u.þ.b. 152 m<sup>2</sup> geymslu á lóðinni, meðfram lóðarmörkum að Hyrjarhöfða 6, sbr. meðfylgjandi uppdrætti.

Engar frekari uppbyggingarheimildir eru á lóðinni skv. gildandi deiliskipulagi.



Gögn úr umsókn

## Niðurstaða

Neikvætt er tekið í erindið þar sem ekki er heimild fyrir stækkun í gildandi deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi gerir þó ekki athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulaginu, á eigin kostnað, til samræmist við erindið.

Sambærileg breyting var gerð á lóð nr. 8 við Hyrjarhöfða árið 2008.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir

arkitekt / verkefnastjóri



Reykjavík